



ORKUSTOFNUN

## Athugun á hagkvæmni Hitaveitu í Svarfaðardal

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-81-01

Athugun á hagkvæmni hitaveitu í Svarfaðardal.

Inngangur

í þessari athugun er lauslega áætlaður kostnaður við hitaveitu sem fær heitt vatn frá jarðhitasvæðinu á Hömrún og leiðir það á bæina austan megin í dalnum að Hofsá og frá Völlum yfir að Húsabakkaskóla, á byggðina í kringum hann og að félagsheimilinu að Grund. Lagnakerfið sést á meðfylgjandi mynd. Hagkvæmni slikrar hitaveitu er síðan metin með því að bera saman reksturskostnað hitaveitunnar við núverandi kostnað við upphitun íbúðarhúsanna á ári.

Áður hefur verið gerð hagkvæmniathugun á hitaveitu austan megin í dalnum einvörðungu (Þorsteinn Einarsson 1979: Hagkvæmni hitaveitu í Svarfaðardal og á Litla Árskóggssandi: OS-Jarðhitadeild, greinargerð) og einnig athugun á hitaveitu vestan megin í dalnum (Verkfræðistofan Fjölhönnun hf. 1980: Athugun á varmaveitu fyrir nokkra bæ í Svarfaðardal. Lausleg Frumathugun). Báðar þessar athuganir eru hafðar til hliðsjónar og stuðst við upplýsingar úr þeim.

Forsendur

- Hér er gert ráð fyrir að vatn sé fengið frá jarðhitasvæðinu að Hamri sem Hitaveita Dalvíkur nýtir. Hitastig á vatninu frá Hamri er  $64^{\circ}\text{C}$ .
- Aðalæðin er frá Hömrum að Grund, en tvær greinar eru frá henni, að Hofsá og að Tjörn. Sjá mynd.
- Í lagnir stærri en 2" er notuð stálröð einangruð með polyurethan í plasthlífðarkápu en í lagnir 2" og minni eru notuð hitapolin plaströð (PEX) einangruð með steinullarhólkum. Hitapolnu plaströin eru ekki framleidd stærri en 2".
- Hámarksaflpörf reiknast  $30 \text{ W/m}^3$ . Rúmmál íbúðarhúsa sem tengjast myndi veitunni er  $13633 \text{ m}^3$  þar af eru um  $3000 \text{ m}^3$  rafhitaðir.
- Niðurstöður grófhönnunar eru í töflu I og II. Nauðsynlegar röra-stærðir eru áætlaðar út frá hámarksaflpörf.

- Öll verð miðast við byggingavísitölu 626 stig og gamlar krónur.
- Verð á lögnum er með efni, jarðvinnu og niðurlögn.
- Fjármagnskostnaður er miðaður við endurheimtu fjármagns á 25 árum og 8% vöxtum.

#### Stofnkostnaður

Stál	Ø 80	3,4 Km	x 33.9 Mkr/km	115.3 Mkr.
"	Ø 70	1.4 "	x 30.2 "	42.3 "
Plast	Ø 63	3.7 "	x 17.9 "	69.9 "
"	Ø 50	2.3 "	x 15.0 "	34.5 "
"	Ø 40	0.5 "	x 11.8 "	5.9 "
"	Ø 32	0.9 "	x 10.5 "	10.2 "
				278.1 Mkr.

Ýmislegt og ófyrirséð 15%	41.7 Mkr
Samtals	319.8 Mkr

#### Reksturskostnaður

Fjármagnskostnaður 9.4%	30.1 Mkr
Viðhald og umsjón 2%	6.4 "
Rafmagn v/dælingar	1.0 "
	37.5 Mkr.

### Núverandi hitunarkostnaður

Rúmmál oliuhitaðra húsa er  $10633 \text{ m}^3$ . Landsmeðaltalsnotkun af olíu er  $13 \text{ l/m}^3$ . Verð á olíu er  $235 \text{ kr/l}$ . Oliukostnaður verður frá  $32.5 \text{ Mkr}$ . Rúmmál rafhitaðs húsnæðis er  $3000 \text{ m}^3$ . Meðaltalsnotkun er  $78 \text{ KWh/m}^3$ . Verð á rafmagni til húshitunar er með föstum gjöldum um  $20 \text{ kr/KWh}$ . Rafmagnskostnaður verður þá  $4.7 \text{ Mkr}$ . Heildar húshitunarkostnaður er  $37.2 \text{ Mkr á ári}$ .

### Hagkvæmni

(0) Rekstrarkostnaður fyrir hitaveituna yrði  $37.5 \text{ Mkr}$ . og áætlaður hitunarkostnaður (olía og rafmagn) er  $37.2 \text{ Mkr}$ . Samkvæmt þessum útreikningum yrði hitaveitan óhagkvæm um  $0.3 \text{ Mkr á ári}$ . En þess ber einnig að geta að í kostnaðarútreikningum er ekki tekið með verð á vatni, en vatnsþörf veitunnar er um  $5 \text{ l/s}$ . Ekki er heldur tekinn með kostnaður við að skipta úr þilofnakerfi yfir í vatnsofnakerfi þar sem þess þarf.

Vert væri fyrir hreppinn að kanna hversu mikill raunverulegur kostnaður er við upphitun.

(0)

Tafla I

Aðalæð

	Rúmmálf m <sup>3</sup>	Aflþörf kW	aðveituaðar m	Lengd m	Lengd heimæðar m	Áætluð vatnspörf 1/s	Áætluður hitil notenda (°C)	Áætlaður röra aðv.æð mm	Nafnmál röra aðv.æð mm
Sakka	768	23	2400	400	400	0.25	57	80 (stál)	50 (P1)
Hánefstaðir	750	23	400	2800	100	0.22	60	80 (stál)	32 (P1)
Hofsá (sjá grein I)	2717	82	600	3400	—	1.5	—	80 (stál)	—
Húsabakkaskóli	3750	113	1000	4400	200	1.2	58	70 (stál)	63 (P1)
Tjörn (sjá grein II)	1700	51	400	4800	—	0.7	—	70 (stál)	—
Jarðbrú	1005	30	200	5000	100	0.33	56	63 (P1)	50 (P1)
Brekka	460	14	600	5600	100	0.18	53	63 (P1)	50 (P1)
Grund	2483	75	600	6200	0	0.80	52	63 (P1)	—
Samtals	13633	411		6200			5.18		

Tafla II

Grein I og II

	Rúmmál m <sup>3</sup>	Aflþörf kW	aðveituaðar m	Lengd m	Aætluð heimæðar m	Lengd m	Aætluð vatnsþörf l/s	Aætlaður hitil til (°C)	Aætlaður notenda mm	Nafnmál röra aðv. heimæð mm
<b>Grein I</b>										
Vellir	392	12	100	100	100	0.13	58	63 (P1)	32 (P1)	
Uppsalir	294	9	100	200	500	0.15	51	63 (P1)	32 (P1)	
Brautarholt	304	9	700	900	100	0.11	55	63 (P1)	32 (P1)	
Gröf	250	8	300	1200	50	0.10	55	63 (P1)	32 (P1)	
Hof	566	17	900	2100	100	0.21	52	63 (P1)	50 (P1)	
Hofsá	911	27	700	2800	-	0.80	51	50 (P1)	-	
Samtals	2717	82	2300			1.5				
<b>Grein II</b>										
Laugahlíð	500*	15	250	250	200	0.29	54	50 (P1)	40 (P1)	
Laugasteinn	500*	15	400	650	300	0.22	51	50 (P1)	40 (P1)	
Tjörn	700	21	200	850	-	0.19	52	50 (P1)		
Samtals	1700	51	350			0.7				

\* ágiskað

AFSTÖÐUMYND  
*Lagnakerfi*

81 01.0038

